



Fornleifa- og minjaskráning fyrir aðalskipulag

í Varmahlíð

Reykjarhóll, Barð, Brún og Laugarbrekka
Hof og Reykjarhólssel í Brekkulandi



Varmahlíð

**Katrín Gunnarsdóttir
Sigríður Sigurðardóttir
nóvember 2003**

2003/19

19. skýrsla, árið 2003

Varmahlíð

Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003

Ljósmynd á forsíðu er frá Hjalta Pálssyni
© Byggðasafn Skagfirðinga

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Tilgangur fornleifaskráninga	5
Fornleifaskráning og aðferðir	6
Um jarðanúmerin	7
Tegund, hlutverki og heiti	7
Lega.....	8
Staðhættir og lýsing	8
Hættumat.....	11
Helstu minjaflokkar	12
Minjar innan túns	12
Minjar utan túns	13
Minjar við sjó/vötn	15
I Reykjarhóll og Varmahlíð saga og fornleifar	16
Reykjarhóll – fornleifar	20
Hlutverk: Heimili / bústaður.....	20
Hlutverk: Hjáleiga.....	21
Hlutverk: Býli	22
Hlutverk: Þvottur	23
Hlutverk: Býli	24
Hlutverk: Óþekkt	25
Hlutverk: Fjárhús	25
Hlutverk: Óþekkt	26
Hlutverk: Fjárhús	26
Hlutverk: Samgöngubót.....	27
Hlutverk: Landamerki.....	27
Hlutverk: Reiðvegur	28
Hlutverk: Vegur	28
Hlutverk: Vað.....	29
Hlutverk: Vegur	29
Hlutverk: Landamerki.....	29
Hlutverk: Fjárhús	30
Yfirlitskort yfir vesturhluta Reykjarhólslands	31
Reykjarhóll – 20. aldar minjar	32
Hlutverk: Ræktunarland.....	32
Hlutverk: Hitaveita	32
Hlutverk: Bústaður.....	33
Hlutverk: Geymsla	33
Hlutverk: Brunnur.....	33
Hlutverk: Kofi	34
Hlutverk: Útihús / stríðsminjar	34
Hlutverk: Braggi	35
Hlutverk: Skotgröf	35
Hlutverk: Brunnur	36
Hlutverk: Þvottahús	36
Hlutverk: Þvottahús	37
Hlutverk: Tún.....	37
Hlutverk: Tún.....	37
Hlutverk: Garður	38
Hlutverk: Vindrafstöð	38
Hlutverk: Vatnsból.....	38
Hlutverk: Vatnsból.....	39
Hlutverk: Vatnsból.....	39
Hlutverk: Vatnsból.....	40
Hlutverk: Vatnsból.....	40
Hlutverk: Stífla	41
Hlutverk: Skurður	41
Hlutverk: Sundlaug.....	42
Hlutverk: Vað.....	42
Hlutverk: Vað.....	43
Hlutverk: Túngarður	43
Hlutverk: Áveita	44
Hlutverk: Skotgröf / byrgi	44
Hlutverk: Skotgröf / byrgi	44
Yfirlitskort yfir austurhluta Reykjarhóls.....	45
II Hof í Brekkulandi.....	46
III Reykjarhólssel í Brekkulandi.....	48
Niðurstöður.....	49
Heimildaskrá.....	51

Inngangur

Fornleifaskráning þessi nær yfir allt land Reykjarhóls að meðtöldu hinu svokallaða Varmahlíðarhverfi. Skráningin er unnin að ósk bygginafulltrúa Sveitafélagsins Skagafjarðar í ágúst – september 2003.

Áður hafði farið fram fornleifaskráning / hlutaskráning í landi Reykjarhóls í mars 2002, vegna frístundabyggðar. Hér er bætt við skráningu sem tekur til þess hluta Reykjarhóls sem liggur undir Varmahlíð, auk húsmannsbýlanna Laugarbrekku, Brúnar og Barðs sem skráð eru undir landnúmeri Reykjarhóls, smábýlisins Hofa sem byggt var út úr svokölluðum Brekkuparti árið 1938 og fylgir landnúmeri Brekku. Hér er einnig tekið með Reykjarhólssels, sem er í Gegnisdal í Brekkulandi.

Skráninguna vann Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur í september 2003. Sigríður Sigurðardóttir tók skrána saman í nóvember 2004. Teikningar eru unnar af Katrínu, nema af Reykjarseli sem Hjalti Pálsson gerði í júní 2003. Ljósmyndir tóku Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Hjalti Pálsson.

Rósmundar G. Ingvarssonar örnefnaskrásetjari gekk um svæðið með skrásetjara. Ingibjörg Markúsdóttir á Reykjarhóli aðstoðaði við staðsetningar í vesturhluta jarðarinnar í mars árið 2002. Marta Svavarsdóttir skógræktarvörður gaf umsögn og heimildir um minjar á skógræktarsvæðinu. Hjalti Pálsson veitti skrásetjurum ómetanlegar heimildir sem hann safnaði við ritun byggðasögunnar og eru honum færðar bestu þakkir.

Tekið skal fram að hluti skýrslunnar er skrá yfir 20. aldar minjar, þ.á.m. stríðsminjar sem eru teknar hér með til að ná utan um söguminjar frá fyrri hluta 20. aldar í landi Varmahlíðar. Þetta gildir um minjar nr. 18 til 47. Stríðsminjar með vegi utan við Varmahlíð eru ekki kortlagðar.

Tilgangur fornleifaskráninga

- ✖ Með fornleifaskráningu er aflað þekkingar um sögu lands og þjóðar og lagður grunnur að verndun einstakra minjastaða og minjasvæða.
- ✖ Í fornleifaskráningu felst heimildaöflun um landnýtingu og búskaparahætti í fortíð, sem nýtist til ákvarðanatöku um varðveislu og landnýtingu í samtíð og framtíð.
- ✖ Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að óþörfu.
- ✖ Með fornleifaskráningu er lagður grunnur að áframhaldandi rannsóknum og kynningu á menningarumhverfinu.
- ✖ Það er hagur allra sem skipuleggja svæði eða standa fyrir framkvæmdum, sem raska jarðvegi, að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á viðkomandi svæði til að: 1) unnt sé að taka tillit til minjastaða við skipulagsvinnu og framkvæmdir og 2) minnka líkur á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt reynist að rannsaka.

Þjóðminjalög 107/2001 kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Það er best gert með því að kynna þær þjóðinni, greiða fyrir rannsóknum og auðvelda aðgang að þeim. Í 9.-14. gr. laganna eru ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifar eru skilgreindar í þjóðminjalögum sem:

... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

1. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
3. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
4. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
5. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
6. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
9. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.¹ Þjóðminjalaga.

Fornleifar eru friðhelgar og þeim má enginn spilla, granda né breyta, hylja, laga né aflaga, - nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Þetta á við um allar fornleifar, óháð friðlýsingum. Friðhelgi fornleifa er heldur ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins og komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr. Þjóðminjalaga).

Æskilegt er að beina framkvæmdum frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara til að hægt sé að meta aðstæður. Fornleifavernd ríkisins getur krafist þess að framkvæmdum verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram.

Fornleifaskráning sameinar jafnt hagsmuni framkvæmdaaðila og þeirra sem standa vörð um minjaumhverfið og vilja fræðast um það. Björgunaruppgröftur er alltaf óæskilegur, frá öllum sjónarmiðum. Tafir á framkvæmdum geta verið kostnaðarsamar og ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða bera framkvæmdaaðilar kostnað af fornleifarannsóknum, ef nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sbr. 14. gr. Þjml.)

Fornleifaskráning og aðferðir

Skráning þessi er kaflaskipt í þrennt þannig að fyrsti kaflinn nær yfir land Reykjarhóls, annar yfir býlið Hof hjá Varmahlíð sem tilheyrði Brekku í eina tíð. Í þriðja kaflanum eru heimildir um Reykjarhólssel í landi Brekku. Minjar þær sem fornleifaskráningin nær yfir eru skráðar í skráningakerfið Sarp² og flokkaðar eftir jarðanúmerum jarðanna. Upplýsingum er skipt samkvæmt kerfi Sarps í: tegund, hlutverk og heiti, legu, staðhætti, ástand og lýsingu, hættumat og heimildaskrá.

¹ Þjóðminjalög nr. 107/2001.

² SARPUR er skráningakerfi sem mörg opinber minjasöfn og stofnanir nota til samskráningar fyrir muni, myndir og minjar. Fornleifavernd ríkisins hefur aðgang að SARPI og að skipulagsyfirvöld sveitarfélaga geta fengið aðgang að honum. Markmiðið með Sarpi er að gera fornleifaskráninguna aðgengilega fyrir minja- og skipulagsyfirvöld á rafrænu formi. Sem og alla þá er stunda rannsóknir í þessum fræðum.

Fornleifar eru skráðar eins og þær eru skilgreindar skv. 9. grein Þjóðminjalaganna 107/2001. Hér eru einnig skráðar hverfandi 20. aldar minjar sem varpa ljósi á byggðasögu og þróun Varmahlíðar sem er vaxandi þéttbýli í landi Reykjarhóls. Við framtíðarskipulag og nýtingu er æskilegt að þyrma þeim ef þess er nokkur kostur. Í skránni er umfjöllun um hvern minjastað og teikningar þar sem við á. Einnig fylgja loftmyndir sem sýna minjastaðina og eru fornleifar þar sérmerktar með númerum.

Skráning fornleifa er í þeim kafla skýrslunnar er nefnist „Saga og fornleifar“. Í inngangi að fornleifaskránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir atburðum, breytingum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Köflunum er tvískipt þannig að fornleifar eru taldar í fyrri hluta og 20. aldar minjar í hinum síðari.

Um jarðanúmerin

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Reykjarhóll: 146060, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847³, sem er 90 í þessu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar með eftirfarandi hætti: R-146060-90-1 o.s.frv. Brekka hefur jarðarnúmerið 146018 og er númer 88 hjá Johnsen, sem svarar til B146018-88 og raðnúmer samkvæmt fjölda minjastaða.

Tegund, hlutverki og heiti minja er lýst í örfáum orðum, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, byrgja, áveituskurða og þar fram eftir götunum. Stundum sjást fornminjar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær á yfirborðinu með berum augum. Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð. Þegar engu slíku er til að dreifa er hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið kemur fyrir, t.d. fjárhús.

³ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Skagafjörður

Hofsárós
Grafarárós

Hof

Fagranes

Kolbeinsárós

Tindastóll

Sleitustaðir

Viðvík

Göngu-
skörð

Hegranes

Sauðá

Sjavarborg

Hegranesping

Ás

Reynistaður

Sæmundar-
hlíð

Bverá

Sæmundará

Glaumbær

Geldingaholt

Skarösa

Varmahlíð

Viðimýri

Hestavígshama

Vallalaug

Vatnsskarð

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi. Athugasemdir eru skráðar ef þörf er á. Varmahlíð er miðsvæðis í Skagafirði. Vestari mörk svæðis þess sem fornleifaskráningin nær til er frá Víðimýrará í vestri og Húseyjarkvísl í austri. Suðurmörk svæðisins liggja á mörkum Víðimels og Varmahlíðar og norðurmörkin á landamerkjum Grófargils og Reykjarhóls. Nýbýlið Varmahlíð var stofnað árið 1930 á spildu lands austan í Reykjarhólnum, en Varmahlíðarhverfið sem svo er nefnt nær nú yfir allan Reykjarhólinn, ásamt býlunum, Brún, Barði, Laugarbrekku og Hofi sem áður tilheyrði Brekku. Alls voru

Samkvæmt fornbréfi frá 1406 voru landamerki Reykjarhóls að norðaustan, niðri við **Sandendisskurð** (í landi Grófargils) niðri við **Kvísl** (Húseyjar-kvísl) og þaðan réttisýnis upp í steininn á Reykjarhólnum. Þaðan réttleiði vestur yfir Víðimýrará, þar sem **Klofasteinar** (Klofaklettur heitir á merkjum við Víðimýrarár rétt hjá Votakletti, sjá hér nr. 33) voru niður fallnir (svo orðað) og þaðan í **Fuglastafabúfu** (Fuglastapabúfu) á hólí neðan við Íbishól. Einu kennileitin sem enn sér stað af

þeim sem hér eru talin eru Sandendisskurður sem nú er í landi Grófargils og Fuglastafapúfa á landamerkjum Reykjarhóls og Grófargils niður undan Íbishóli⁴.

Í landamerkjaskrá Reykjarhóls frá 1883 eru landamerki jarðarinnar skilgreind þannig: „Að austan ræður Húseyjarkvísl frá **merkjaþúfu** (nú horfin) á bakkanum við kvíslina, all til suður að **kirkjuvaðsbrú** (hér nr. 26), síðan ræður brúin til vesturs og svo bein stefna upp úr henni upp í **steinninn Gægir** (hér nr. 19) á brúninni. Úr steininum í merkjagarð í mýrinni fyrir ofan Víðimýrará, þaðan upp utanvert við Brekkubakka. Síðan eftir sömu stefnu yfir sundið og svo næsta holt þar fyrir ofan, hvar setja skal hornmerki. Þaðan austur í téð **Byrgi**. Þaðan ofan **Votaklett** (hér nr. 33), þaðan í stóran stein á melunum fyrir austan ána. Þaðan beint til austurs rétt sunnan við **Melagerði** (í landi Grófargils) í fyrrnefnda þúfu á bakkanum við Húseyjarkvísl, rétt sunnan við **Sandendisskurð** (í landi Grófargils)“⁵.

Takmörk hins svokallaða **Reykjarhólsgarðs** (hér nr. 13) sem ríkið keypti 1930 takmarkaðist af beinni línu frá austri til vesturs, frá staur ofan við þjóðveginn sem var steypdur hornstaur í girðingu og lá frá honum upp og vestur að landamerkjum nýbýlisins Varmahlíð. Framhald suðurmarkalínunnar var í beina stefnu suðvestur í stein á melnum kippkorn sunnan við **Garðhúsið** (hér nr. 5) og þaðan í sömu stefnu í stóran stein á ásnum suður af sjálfum hólnum, þaðan í sömu stefnu um 25 metra til suðvesturs að svokallaðri **Fuglaþúfu** (horfin) á lágri klöpp á ásnum. Vesturmarkalínan lá beina leið í hornstaur á girðingu ofan við syðsta hverinn og þaðan í **vörðu** (horfin) utan og ofan við **þvottahúsið** (hér nr. 11). Lá norðurmarkalínan beina línu niður og austur norðanvert við kalda uppsprettu í stefnu niður af þjóðveginum þar sem sett var **hornmerki** (horfið) og vegurinn réð austurmerkjunum.⁶ Á garðinum hvíldu kvaðir um notkunarrétt á heitu vatni til þvotta fyrir nokkrar jarðir í Seyluhreppi.

Árið 1938 var gerður landamerkjasamningur milli Varmahlíðar og Reykjarhóls um að merkin á suðurkanti væru með **girðingu** (horfin) frá Skagfirðingabraut upp að steininum **Gægi** (hér nr. 19) sem er sunnan og ofan við Varmahlíðarbæ, þaðan beina línu vestur yfir merkin á suðurbakka á skurði sem lá vestur í **Torfholtslæk**

⁴ Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

⁵ Kristmundur Bjarnason, 1989. Bls. 148.

⁶ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 151-152.

Þaðan vestur yfir kelduna í girðingarhorn á suðuvsturhorni. Þaðan beina línu yfir sömu keldu út í **vörðu**, sem er stutt frá þúfnaklasa á norðvesturhorninu og beina línu austur að **grjótvörðu** á merkjum Reykjarhólsgarðs um 65 metra norðan við steipt hornmerki. Frá hornmerki garðsins í beina línu niður brekkurnar í steipt hornmerki við Skagfirðingabraut utan og neðan við Varmahlíðartúnið. Þaðan ræður brautin suður í suðausturmerkið sem fyrst er talið. Austan brautar fékk Varmahlíð land frá Húseyjarkvísl upp með Hólmabrautinni og meðfram henni út og upp að Skagfirðingabraut. Sjá nánar bls. 156 og 169 í síðara bindi *Sýslunefndarsögu Skagfirðinga*.

Náttúrufar og jarðabætur

Reykjarhóllinn sjálfur er um 100 m háum melhóll þar sem ræktaður hefur verið töluverður skógur bæði utan og innan skógræktargirðingar sem nær yfir 17,5 hektara lands.⁷ Í austurhlíð hólins og á melöldum sunnan hans er Varmahlíð, eða Varmahlíðarhverfið svokallaða. Í austanverðum hólnum er háhitasvæði sem búið er að beisla til húsupphitunar og sundlaugar. Um miðja 20.öld var þar ylrækt um tíma. Jörðin Reykjarhóll og Varmahlíð ná yfir allan hólinn milli Víðimýrarár og Húseyjarkvíslar með þeim landamerkjum sem þegar er greint frá. Austan hólins eru vallendisbakkar með Húseyjarkvíslinni, en vestan hans eru melholt og mýrasund. Austan í hólnum voru smá túnblettir, Smáragrund og Litlagrund. Árið 1904 var girtur af reitur sunnan við þvottalaugina í hlíð hólins og nefnt



Á myndinni er minningarlundur um mikilvirka frumkvöðla skógræktarinnar þær Guðínu Sveinsdóttur barnakennara og Ingibjörgu Jóhannsdóttur skólustýru á Löngumýri. Lundurinn er í skógræktinni sunnan við Varmahlíð. Ljós. SS

Reykjarhólsgarður og við hann var kartöflu- og rabbarbaragarður. Suðvestan við hæðina sem Reykjarhólsbærinn stendur á heitir Flæðar. „Þetta land mun hafa verið vallendi. Það var alveg slétt frá

⁷ Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

náttúrunnar hendi og hefur verið notað til slægna.“⁸ Niður undan gamla bæjarhólnum við Víðimýrarána er gamalt tún sem Undirvöllur heitir og er norðan við svokallaðar Íbishólsgötur. Þar við ána var fallegur klettur sem hrundi í jarðskjálfta 1963. Strýta heitir klettahóllinn í vesturjaðri Reykjarhólsins, skammt þar norðan við er Litlasköpp sem var áningastaður ferðamanna. Sunnan við Reykjarhólinn er Torfholtið, þar eru tóftir sem ekki er vitað um, en með holtinu og til Víðimýrarár rennur Torfholtslækur sem dregur til sín vatn úr mýrunum milli hóltsins og Brekkunum að vestanverðu.

Hættumat

Við skýrslugerðina er lagt mat á hættu sem fornleifunum kann að standa af völdum náttúru og manna. Það er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða ef þær geta orðið fyrir óþarfa raski. Hætta vegna ábúðar stafar fyrst og fremst að framkvæmdaglegi ábúenda sem kunna að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar og landbrots getur verið ef fornleifar eru að afmást fyrir áhrif vatns og vinda. Ekki er lagt hættumat á fornleifar, sem heimildir geta um en finnast ekki við vettvangsskráningu. Engu að síður er nauðsynlegt að taka tillit til slíkra heimilda við skipulag framkvæmda því fornleifar geta leynst undir grassverðinum. Í skýrslunni er tekið tilliti til skipulags um frístundabyggð í Varmahlíð, sem byggingafulltrúaembættið lét vinna 2000-2002.

Heimildir

Aðalheimildir skýrslunnar eru: Kaflinn *Þættir úr sögu Varmahlíðar* í öðru bindi bókarinnar *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga* eftir Kristmund Bjarnason, útg. 1989 og þættir um Varmahlíð, Laugarbrekku, Barð, Reykjarhól og Brún á bls. 420 - 437 í *Byggðasögu Skagfirðinga* 2. bindi, eftir Hjálta Pálsson, útg. 2001. Vísað er í heimildir, ritaðar og munnlegar, við hverja hinna skráðu fornleifa, þó ekki neðanmáls eins og gert er annars staðar í texta skýrslunnar. Það helgast af því að fornleifaskráningin á að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

⁸ Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má skipta í tvo flokka, minjar innan og utan túns. Mesta sögu geyma bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra, en stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa eftir hlutverkum, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öld eftir öld á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar um er að ræða þótt engar heimildir hafi geymst um notkun þeirra. Þá er heldur ekki alltaf hægt að ákveða hvernig hús voru notuð.

Minjar innan túns

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði / bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrindir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið.

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft

eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru ýmsir s.s. hænsna- og eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum fehyrindir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta.

Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfernaskiðs að farið var að nota færirkvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru

yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurru stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitar-húsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru

oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytja-einingar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Mótekja: Mór var notaður til eldsneytis og víða um land finnast minjar um það, svo sem gamlar mógrafir, örnefni sem tengist vinnslunni og fleira. Sama gildir um kolagrafir.

Samgöngur: gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.

Minjar við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

I Reykjarhóll og Varmahlíð saga og fornleifar

Elstu heimildir um Reykjarhól eru í sögu Jóns biskups helga. Þar er skemmtileg frásögn sem greinir frá ferð Þórkötlu vinnukonu Gyðríðar Þorvarðardóttur og Kolbeins Tumasonar á Víðimýri, með Sigríði vinnukonu í Brekku, er þær fóru til fataþvotta í Reykjarhólslaug á miðjum vetri árið 1200. Þar var aðstöðuhús, svokallað laugarhús, sem fólk notaðir við þvotta og böð. Margar konur voru þar við laugina að þvo þvott og tók Þórkatla af sér skóna í vatnsaganum. Flaug að hrafni og stal þeim. Eftir þvottinn fóru allar konur heim nema þær Þórkatla og Sigríður, sem biðu þess að þeirra yrði vitjað, því ekki vildi Þórkatla ganga heim berfætt í ófærð og frosti. Þær þreyttust á biðinni og hét Þórkatla á Jón Ögmundsson Hólabiskup að bjarga þeim úr klípunni og það var eins og við manninn mælt að hrafnninn skilaði skónum⁹.

Næst er Reykjarhóls getið þar sem sagt er frá aðdraganda Örlygsstaðarbardaga árið 1238, þegar Sturla Sighvatsson kemur norður í Skagafjörð með flokk sinn „og átu þeir mat á Reykjarhóli“¹⁰.

Árið 1446 er jörðin orðin eign Reynistaðarklausturs eins og er getið er í fornbréfasafni í eignaskrá klaustursins¹¹ og talað um góðjörðina Reykjarhól.

Í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1713 segir að á jörðinni sé tvíþýli og landskuld sé eitthundrað eða 120 álnir og 3 leigukúgildi sem skiptist jafnt á milli ábúenda,

Í sóknarlýsingu frá 1842 segir séra Halldór Jónsson í Glaumbæ að Reykjarhóll sé metinn á 40 hundruð¹². Að jörðin tilheyri umboði Reynistaðarklausturs¹³ og að þar sé þófara- og þvottalaug þar sem margir þæfi ull og þvoi þvott¹⁴.

Árið 1861 er jörðin Reykjarhóll ásamt hjáleigunni Laugarbrekku (sjá hér nr. 6 og 7) metin á 22,8 hundruð¹⁵.

⁹ Byskupa sögur II. Bls. 171-174.

¹⁰ Sturlunga saga I, Íslendingasaga. Bls. 421. Rv.1946.

¹¹ Íslenskt fornbréfasafn. DI IV. Bls. 701.

¹² Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðar 1839-1873, bls. 62.

¹³ Frá því er greint í Jarðabók Johnsens frá 1847, bls. 258 og verðgildi, 40 hundruð að dýrleika og 3 kúgildi.

¹⁴ Sýslu- og sóknarlýsingar II, 1954. Bls. 61.

¹⁵ Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Seyluhreppur. Skagafjörður.

Árið 1904 fékk Garðyrkjufélag Seyluhrepps garðland til ræktunar austan í Reykjarhólnum. Það ár fékk félagið „12 vallardagsláttur“¹⁶ til 40 ára gegn 50 aura gjaldi árlega. Árið 1908 seldi Landssjóður jörðina Reykjarhól til Einars Sigurðssonar ábúanda sem seldi hana Garðyrkjufélagi Seyluhrepps ári seinna.

Ungmennafélagið Fram fékk leigða landsspildu austan við Reykjarhól árið 1912 og kom þar upp sundstæði og hestarétt¹⁷.

Árið 1914 seldi Garðyrkjufélagið jörðina og afsalaði sér spildunni, sem minnkað hafði um þriðjung, með samningi 1915 og afsali 1919¹⁸ í hendur Guðmundi Guðmundssyni með ákvæðum um að félagið ætti garðinn og vírgirðingu aumhverfis hann þar til hún fellur, einnig geymsluskúr á melunum sunnan garðsins og hæfileg stór lóð auk kartafla sem úr garðinum koma. Einnig varð bóndi að heimila umferð að laugunum til þvotta á hvaða tíma sem væri. Ekki leið þó á löngu þar til félagið seldi bónda garðinn en áskildi sér rétt til nota á heitu vatni „til þvotta austan í Reykjarhólnum fyrir ábúðar- og eignarjarðir sínar endurgjaldslaust“¹⁹ og til að byggja skýli við þvottalaugina, sem reis stuttu síðar, steipt í hól og gólf. Það hús er nú hluti húsnæðis Flugbjörgunarsveitarinnar.

Árið 1926 var lagður bílvegur austan í Reykjarhólnum, en gamli reiðvegurinn lá austan Reykjarhólsbæjarins, vestanhalt við Reykjarhólinn við Laugarbrekku²⁰. Þremur árum síðar báðu hreppsúrar um að spotti vegarins yrði hreppsvegur svo „þægilegra sé að koma þvotti til laugarinnar og frá henni aftur“²¹. Áður hafði þvotturinn verið reiddur að og frá í pokum. Eftirleiðis var hægt að flytja þvottinn til og frá laug á kerrum.

Með matsgerð frá 3. maí 1929 lét Guðmundur bóndi á Reykjarhóli 20 hektara landsspildu undir nýbýli til handa Pálma Þorsteinssyni frá Hjaltastöðum og konu hans Guðrúnar Guðmundsdóttir frá Reykjarhóli. Fyrsta íbúðarhúsið var byggt í Varmahlíð árið 1930.

¹⁶ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 147.

¹⁷ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 149.

¹⁸ Sama heimild.

¹⁹ Sama heimild.

²⁰ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 150-151.

²¹ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 151.

Árið 1930 keypti ríkið Reykjarhólsgarðinn til að tryggja land til skólareksturs²² en það var austan Reykjarhólsins og fylgdu honum allar heitar uppsprettur í Reykjarhólslandi. Jafnframt var mælt út 20 hektara land fyrir nýbýlinu Varmahlíð austan hólsins sem selt var Vigfúsi Helgasyni kennara og Helgu Helgadóttur árið 1934 sem hófu búskap og rekstur greiðasölu þar 1935²³ enda lá Varmahlíð vel við samgöngum.

Skógrækt setur mikinn svip á Varmahlíð og umhverfi. Skógræktarfélag Skagfirðinga var stofnað 1933 og átti mikinn þátt í skógræktinni.

Guðmundur Guðmundsson seldi ríkissjóði alla jörðina Reykjarhól árið 1935, en ríkissjóður seldi hana aftur Varmahlíðarfélaginu 1938 vegna fyrirhugaðrar stofnunar héraðsskóla í Varmahlíð²⁴.

Árið 1940 var sundlaugin í Varmahlíð fullgerð. Sama ár settist hernámslið Breta að í Varmahlíð og voru þar í ár.

Árið 1941 keypti Skagafjarðarsýsla í samvinnu við Varmahlíðarfélagið jörðina Reykjarhól af Ríkissjóði vegna Héraðsskóla Skagfirðinga²⁵. Það ár var kaldavatnslögn leidd í hús í Varmahlíð og hús þar stækkuð á næstu árum.

Árið 1942 reisti Ólafur Sveinsson kaupmaður húsið Fagrahvol sunnan Varmahlíðar.

Árið 1943 byggðu Sigurpáll Árnason og Hildur Kristjánsdóttir húsið Lund austan í Reykjarhólnum rétt fyrir sunnan Þófaralaug. Þar reist þau gróðurhús á næstu árum. Þar er nú kallað Gamli-Lundur eða Norðurbrún 5.

Árið 1944 var settur á fót unglingaskóli í Varmahlíð og kennt í veitingasalnum. Innan skólalóðar Varmahlíðar byggði Jón Oddson smiður Úthlíð 1946-1947. Skógrækt ríkisins byggði Laugarbrekku 1947-1948. Þar bjó Sigurður Jónsson varðstjóri. Björn Gíslason smiður byggði Reykjahlíð 1948, Hallur Jónsson byggði Lindarbrekku 1948-1949. Árin 1952-1954 byggði Felix Jósafatsson kennari og

²² Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 151.

²³ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 160-161.

²⁴ Byggðasaga Skagafjarðar II, Staðarhreppur - Seyluhreppur 2001, bls. 432.

²⁵ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 182.

Efemía Gísladóttir húsið Sunnuhlíð. Árið 1955 byggði Volker Lindemann húsið Sjóðarhól í Varmahlíð²⁶. Árið 1947 keypti Varmahlíðarfélagið mikinn bandarískan járnbragga sem geymslu og félagsheimili. Bragganum var breytt í hesthús 1957 og seldur 1961 eða 1962 Markúsi á Reykjarhóli sem setti hann upp að hluta heima á Reykjarhóli.

Árið 1957 voru 9 íveruhús í Varmahlíð. Þrjátíu árum síðar voru þau orðin 35²⁷.

Árið 1957 byggðu Sigurpáll Árnason og Hildur Kristjánsdóttir húsið Lund sunnan við Varmahlíð. Árið 1964 reistu Sigurður Haraldsson og Þóra Ingimarsdóttir húsið Hvannahlíð. Þremur árum seinna var Félagsheimilið Miðgarður byggt og þar var skólinn hýstur þar til húsnaði Varmahlíðarskóla varð að veruleika á árunum 1973-1975.

Hér er rétt að benda á þætti úr sögu Varmahlíðar, sem Kristmundur Bjarnason hefur ritað sérkafla um í síðara bindi *Sýslunefndarsögu Skagfirðinga*.



Horft norður Laugarveg. Næst til vinstri er hótelið sem byggt er við elsta íbúðarhús Varmahlíðar. Næst til hægri er útibú Kaupfélags Skagfirðinga. Eins og sjá má er búið að planta trjáplöntum yfir upp allan Reykjarhólinn og skógurinn dafnar vel. Ljós. SS.

²⁶ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 206.

²⁷ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 207-208.

Reykjarhóll – fornleifar

R-146060 90 – 1

Sérheiti: Reykjarhóll.

Hlutverk: Heimili / bústaður.

Byggingarár: Árið 1916.

Lega: 65°norður 33,349, 19°vestur 28,182

Hættumat: Gamli bærinn er í um 10 m fjarlægð frá lóðamörkum lóðar nr.16 við Víðimýrarveg og er á hættusvæði, t.d. vegna framkvæmda. Hér þarf að sýna gát.



Horft til austurs yfir Reykjarhó, nær er gamli bærinn, fjær eru nýrri húsín. Ljós. HP.

Staðhættir

Um 180 m frá bænum Reykjarhóli í vestur.

Lýsing

Húsið er járn- og torfvarið timburhús, ein hæð og ris með grjóthlöðnum kjallara undir hálfu húsinu. (BS. Bls. 431) Á myndinni er horft til austurs frá Brún (sjá. nr. 5). Framhúsið blasir við og hlóðaeldhúsið. Aftan við húsin var torfbærinn og aðeins fjær eru fjárhúsin (sjá nr. 17). Uppi á hæðinni eru núverandi bæjarhús.

Aðrar upplýsingar

Við norðurhlið hússins eru leifar gamla hlóðaeldhússins, hlaðið úr torfi. Það er nú að mestu hrunið. Að sögn Sigurlaugar Markúsdóttir var það ekki í notkun eftir að fjölskylda hennar flutti að Reykjarhóli 1945 (SM).

Heimild

Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi, bls. 431

Viðtal við Sigurlaugu Markúsdóttir á Reykjarhóli í mars 2002

R-146060 90 - 2

Sérheiti: Laugarbrekka


Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Tóft

Lega: 65° norður, 33, 19, 19° vestur 27, 34.

Horfin: Að hluta

Hættumat: Hætta vegna trjágróðurs



Staðhættir

Býlið stóð í brekkunni suðvestan í Reykjarhólnum og var lítill túnkragi kringum bjæjarhúsin.

Lýsing


Þarna er mjög óljósar tóftaleifar. Greinilegastir eru tvö veggjabrot. Annar er 12 langur veggur sem liggur í austur-vestur. Frá vesturenda er 7 m í 1 m breitt op (dyr) á veggnum. Frá því

að austurenda veggjarins er um 4 m. Frá austurenda þessa veggjar í suður er óljós lægð sem gæti verið tóftaleifar. Hinn vegghlutinn er 7 m langur og er sennilega hluti af túngarði sem liggur austur-vestur. Hann er um 1 m breiður og hleðsluhæð um 0,60 m. Um 5 m skilja veggina að. Þarna er nú minnismerki um Sigurður Jónasson skógarvörð.

Aðrar upplýsingar

Laugarbrekka var hjáleiga eða þó fremur húsmannsbýli í landi Reykjarhóls og aldrei sérmetið til verðs. Árið 1827 er getið um Finnskofa í manntalsbók Glaumbæjarprestakalls. Þá bjuggu þar Finnur Finnsson og kona hans Guðrún Jónsdóttir. Finnur dó 1829 og bjó ekkja hans áfram allt til ársins 1840 að hún er skráð í Laugarbrekku í aðalmanntalinu frá 1840 og bjó þar þá Finnur Jónsson með móður sinni Guðrínu Jónsdóttur, er áður hafi verið talin til heimils í Finnskofa, öðru nafni Reykjarhólskofa. Annaðhvort hefur kotið skipt um nafn eða að Guðrún og Finnur sonur

Rústir býlisins eru enn greinilegar, við göngustíginn upp á hólinn að sunnan. Á efri myndinni er horft til vesturs yfir tóftir Laugarbrekku. Á neðri myndinni er horft til suðvesturs meðfram vegg í átt að minnisvarða um Sigurð Jónasson skógræktarstjóra. Ljósm. SS.



hennar hafa byggt upp nýjan bæ. Um þetta er erfitt að fullyrða. Um miðja 19. öld bjó í Laugarbrekku kona sem kölluð var Þuríður sperrirófa, ásamt manni og syni. Eitt sinn, er hún ásamt manni sínum ætluðu með landskuldahrútlamb til landeiganda settu þau snæri um hálsinn á hrútnum og meiningin var að hún drægi en hann ræki á eftir. Ekki höfðu þau langt farið er kerlu fannst hrúturinn einum of latdrægur og innti karl eftir því hverju sætti. Svaraði hann því til „að það væri helvítis sauðþráinn“ en ástæðan var víst sú að þau voru búin að hengja hrútinn. Þessa sögu sagði Sigurður Óskarsson í Krossanesi í desember 1989. Þuríður þessi var Einarsdóttir. Maður hennar var Jóhannes Hallson og munu hafa búið í Laugarbrekku frá 1850-1867. Laugarbrekka var í byggð að mestu samfelld til ársins 1876 að síðustu ábúendur tóku sig upp og fóru til Vesturheims (BS. Bls. 428).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 428.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949, 1950. Akureyri. Bls. 28.

Sigurður Óskarsson Krossanesi í desember 1989. Sigríður Sigurðardóttir skráði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 3

Sérheiti: Barð

Hlutverk: Býli

Tegund: Tóft

Lega: 65° norður, 33, 17, 19° vestur 27, 36

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0,30 m

Lengd: 8 m

Breidd: 3 m

Ástand: Fremur slæmt

Horfin: Að mestu

Hættumat: Hætta vegna trjágróðurs. Stutt er þar til tóftir Barðs hverfa í skóginn.

Staðhættir

Leifar húsmannsbýlisins Barðs eru í dálitlu rjóðri á smá hól í skóginum, í hlíðinni sunnan í Reykjarhóli upp af opnu svæði þar sem aðstöðuhús skóráktarinnar stendur. Um 20 metrum norðan við vegaslóðina sem liggur í gegnum skóráktarsvæðið.

Lýsing

Húsatóft er á hólnum, óglögg. Suðurveggurinn, sem er greinilegastur, liggur austur-vestur og er um 8 m langur. Breidd tóftarinnar er um 3 m, hleðsluhæð um 0,30 m. Af norðurveggnum sést ekkert.

Aðrar upplýsingar

Barð var húsmannsbýli frá Reykjarhóli. Um Barð segir í Örnefnalýsingu: „Barð er suðaustur af Reykjarhólum, skammt frá Laugarbrekku. Fáum föðmum neðar í brekkunni. Þar byggði Rósamunda Guðmundsdóttir, frá Kárastöðum, móðir Daníels í Mikley. Hún og bróðir hennar, Guðmundur – að auknefni „lærði“, bjuggu í Barði 1862-1868. Þá fór Barð í eyði og byggðist ekki aftur.“ (RGI. Örnefnaskrá 1997)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 430.

Marta Svavarsdóttir skógarvörður, nóvember 2003.

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

Vettvangsathugun í nóvember 2003/SS.

R-146060 90 – 4

Sérheiti: Þvottalaug / Þófaralaug

Hlutverk: Þvottur

Tegund: Laug

Lega: 65° norður, 33, 29, 19° vestur 27, 14

Horfin: Já

Hættumat: Þarna hefur orðið það mikið jarðrask að lítil möguleiki er á að þarna megi enn að finna leifar laugarinnar.

Staðhættir

Í austanverðum Reykjarhól, á sömu slóðum og hús dælustöðvarinnar.



Þvottabólið var þar sem nú er tankur hitaveitunnar. Ljós SS.

Lýsing

Ekkert sést af þessum þvottalaugum enda er búið að virkja uppsprettuna, eins og sjá má á mynd á næstu síðu.

Aðrar upplýsingar

Frá alda öðli hefur heita vatnið í Reykjarhóli verið notað til þvotta. Svæðið var líklega verið bundið kvöð um takmarkaðan aðgang og notkunarrétt annarra jarða í Seyluhreppi til þvotta og vaðmálsþófs frá ómunatíð. 1775

segir Ólafur Olavíus frá Reykjarhólshver og í Sóknarlýsingu frá 1842 er getið

um Þófara- og þvottalaug í austanverðurm Reykjarhól. Þar mátti sjóða þvott og þæfa. Þorvaldur Thoroddsen mældi mestan hita þar á 9. áratug 19 aldar, 89°C og minnstan 50-60 °C. Þegar S.L. Tuxen mældi hitann í laugunum árið 1935 og 1937 var hann mestur 88 °C.

Munnmæli

Elstu heimildir um Reykjarhól eru í sögu Jóns biskups helga. Skemmtileg frásögn greinir frá ferð Þórkötlu vinnukonu Gyðríðar Þorvarðardóttur og Kolbeins Tumasonar á Víðimýri, með Sigríði vinnukonu í Brekku, er þær fóru til fataþvotta í Reykjarhólslaug á miðjum vetri árið 1200. Við Reykjarhólslaug var aðstöðuhús, svokallað laugarhús, sem fólk notaðir við þvotta og böð. Margar konur voru við laugina að þvo þvott og tók Þórkatla af sér skóna í vatnsaganum. Flaug að hrafn og stal þeim. Eftir þvottinn fóru allar konur heim nema þær Þórkatla og Sigríður, sem biðu þess að þeirra yrði vitjað, því ekki vildi Þórkatla ganga heim berfætt í ófærð og frosti. Þær þreyttust á biðinni og hét Þórkatla á Jón Ögmundsson Hólabiskup að bjarga þeim úr klípunni og það var eins og við manninn mælt að hrafnninn skilaði skónum (Bps II. Bls. 171-174).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 433.

Byskupa sögur II. Bls. 171-174.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 - 5

Sérheiti: Brún / Brúnarhús


Hlutverk: Býli

Tegund: Tóft

Lega: 65° norður, 33, 18, 19° vestur, 29, 18

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Gróðursett hafa verið tré í um 20 m fjarlægð út frá tóftunum. Þær eru því ekki í bráðri hættu eins og er. Æskilegt er að hreinsa sjálfssáanar trjáplöntur jafnóðum og þær spretta upp.

**Staðhættir**

Brún er „á brekkubrún vestan við Víðimýrará á móti bænum á Reykjarhóli“ (H.P. II, bls.437)

Lýsing

Þarna eru tóftir fjárhúsa. Þau hafa verið tvískipt og er syðri hlutanum skipt í þrjár krær með gördum á milli. Heytóft eða hlaða er vestan við fjárhússtöftina. Dyr vita til

austurs, nema úr heytóftinni sem er opin gegnt norðri. Tóftin er mjög grasivaxin og fremur óglögg að þeim sökum og mun brátt hverfa í gróður.

Aðrar upplýsingar

Brún var skamma hríð húsmannsbýli í Reykjarhólslandi. Bæði áður og síðar hafa verið þar beitarhús frá Reykjarhóli. Jón Guðmundsson og kona hans Sóley Hannesdóttir settust að á Brún árið 1861. Ekki stóð búskapur þeirra lengi. Hún lést árið 1862 og Jón drukknaði á Skagafirði 1864. Þar með lagðist niður búseta á Brún. Beitarhúsin voru nefnd Brúnarhús.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 437.

Vettvangsathugun í september 2003.


R-146060 90 – 6

Tegund minja: Tóft á Torfholti

Hlutverk: Óþekkt

Lega: 65°norður 32,814, 19°vestur 27,167

Hættumat: Tóftin er sunnan við gamla þjóðveginn um 100 m frá suðurmörkum smáhýsasvæðisins. Ekki í mikilli hættu.

**Staðhættir**

Tóftin er rétt sunnan við gamla þjóðveginn, á Torfholti.

Lýsing

Hringlaga tóft um 6 metra í þvermál, veggjaþykkt um 1-2 metrar, hleðsluhæð um 0.4 m. Tóftin er grasi vaxin og frekar ógreinileg.

Heimild

Vettvangsathugun í september 2003.

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.


R-146060 90 – 7

Tegund minja: Tóft.

Hlutverk: Fjárhús

Lega: 65°norður 32,883, 19°vestur 27,237

Hættumat: Tóftin er ekki í beinni hættu.



Staðhættir: Tóftin er á Torfholtinu, um það bil 50 m í vestur frá miðju þess svæðis sem ætlað er undir smáhýsi.

Lýsing

Tóftin er fremur óljós grasi vaxin, og hún er um 5 x 3 m. Á austurhlið er inngangur, vesturhlið fremur ógreinileg, suðurhlið vel greinileg. Norðurhlið vantar alveg.

Aðrar upplýsingar

Tóft þessi er í um 10 m austan við tóft nr. 8.

Heimild

Vettvangsathugun í september 2003.

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.

R-146060 90 – 8


Tegund minja: Tóft

Hlutverk: Óþekkt

Lega: 65°norður 32,882, 19°vestur 27,247

Hættumat: Tóftin er ekki í mikilli hættu.

Staðhættir: Tóftin er um það bil 60 m í vestur frá miðju þess svæðis sem ætlað er undir smáhýsi.



Lýsing: Tóft þessi er einnig á Torfholtinu, öll vafin grasi. Hún er hringlaga um 6 m í þvermál og slétt að ofan. Hleðsluhæð um 0.40 m. Ekki sést móta fyrir veggjaþykkt.

Aðrar upplýsingar: Tóftin er um 10 m suðvestan við tóft 9. Sennilega er þetta heytóft.

Heimild

Vettvangsathugun í september 2003.

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.


R-146060 90 – 9

Tegund minja: Tóft

Hlutverk: Fjárhús

Lega: 65°norður 32,897, 19°vestur 72,43

Hættumat: Tóftin er ekki í beinni hættu.

**Staðhættir**

Tóft þessi er á Torfholtinu um það bil 50 m í vestur frá miðju þess svæðis sem ætlað er undir smáhýsi.

Lýsing

Tóftin er grasivaxin og fremur ógreinileg, stærð um 10 x 5 m, veggjaþykkt um 1-2 m, veggjahæð um 0.4 m. Á suðurhlið sést nokkuð greinilega móta fyrir tveimur dyrum, austur-

og vesturhlið eru nokkuð heillegar, en norðurhlið óljós.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er um 11 m í norðaustur frá tóft nr. 7.

Heimild

Vettvangsathugun í september 2003

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.

R-146060 90 – 10

Sérheiti: Íbishólsgötur

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Gata

Lega: 65° norður, 33, 26, 19° vestur 28, 18

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á þessu svæði

**Staðhættir**

Götur voru á milli Reykjarhóls og Íbishóls þangað til bílvegur kom til sögunnar. Göturnar lágu í suðvestur upp frá vaðinu sem var niður og suður undan gamla bænum á Reykjarhóli.

Lýsing

Göturnar liggja upp smá brekku frá ánni, til suðurs.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997.

Örnefnaskrá, Reykjarhóll Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

Á myndinni er Gægir vinstra megin við steiptan stólpa frá miðri 20. öld. Ljósm KG.

R-146060 90 - 11

Sérheiti: Gægir

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Náttúruminjar

Lega: 65° norður, 33,10, 19° vestur 27,30

Hleðsluhæð: 0,50 m

Lengd: 0,70 m

Breidd: 0,70 m

Ástand: Gott

Hættumat: Hætta vegna verklegra framkvæmda.

Staðhættir

Merkjasteinninn er á brekkubrún austan vegar, stutt austan við suðausturhorn Félagsheimilisins Miðgarðs. Við hann hafa merki milli Reykjarhóls og Víðimýrar verið miðuð um aldir, sbr. landamerkjabréf frá 1883.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 12

Sérheiti: Gamli sýsluvegurinn

Hlutverk: Reiðvegur

Lega: 65° norður 33, 333, 19° vestur 27, 837 til 65° norður, 33, 40, 19° vestur, 28, 21

Hættumat: Reiðvegurinn liggur í gegnum lóðir nr. 16, 18 og 20 við

Reykjarveg samkvæmt fyrirhuguðu deiliskipulagi svæðisins

Staðhættir

Gamli þjóðvegurinn, reiðvegurinn, lá austan við Reykjarhólsbæinn vestan í Reykjahólnum við svo kallaða Laugabrekku, suð-austan við gamla bæinn á Reykjarhóli, til móts við skógræktina.

Lýsing

Vegurinn er óljós troðningur. Ekki uppbyggður vegur. Hann er um 2 m á breidd.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason, 1989. Sýslunefndarsaga Skagfirðinga. Síðara bindi. Bls. 150-151.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 - 13

Sérheiti: Laugargata

Hlutverk: Vegur

Tegund: Gata

Lega: 65° norður, 33, 38, 19° vestur 27, 33

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Götunni stafar umtalsverð hætta af skórækt.

Staðhættir

Laugargata liggur austur yfir Reykjarhól, norðan við hann miðjan og á ská suður og niður að húsi Þvottalaugarinnar. Gatan sést enn greinilega í brekkunni ofan við húsið Norðurbrún 11. Rauð ör á myndinni bendir á götun þar sem hún skásker hlíð Reykjarhóls niður á móts við Þófarahverinn.

Lýsing

Gatan er orðin mjög ógreinileg í skóginum fyrir ofan hús í Varmahlíð, en upp undir brekkubrúninni er hún greinilegri.



Á myndinni sést Laugargatan sneiða hallann á móti austri niður að lauginni, þar rétt fyrir ofan. Ljós. SS.

Aðrar upplýsingar

Þvotturinn var fluttur á reiðingshestum frá vegi utan við túnið á Reykjarhóli að lauginni, fram og til baka yfir hólinn.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn var hlaðinn 1904.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði. Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 - 14

Sérheiti: Kirkjuvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Vegur

Lega: 65° norður, 33,29. 19° vestur, 26,35.

Staðhættir

Kirkjuvað var vestur undan húsum í Lauftúni stutt fyrir norðan núverandi brú.

Aðrar upplýsingar

Það var notað af sóknarbörnum Víðmýrarkirkju á Hólmabæjunum.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 - 15

Sérheiti: Kirkjuvaðsbrú

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Lega: 65° norður, 33,17, 19° vestur 26,52

Horfin: Kirkjuvaðsbrúin er horfin, en tíunduð hér til að staðsetja hana og vekja athygli á hlutverki hennar.

Staðhættir

Kirkjuvaðsbrú mun hafa verið þeirra tíma uppbyggður vegur yfir mýrlendið austan Reykjarhóls, niður að Kirkjuvaðinu, sem var leið kirkjufólks úr Hólminum til Víðimýrarkirkju.

Lýsing

Smápartur af Kirkjuvaðsbrúnni sést ennþá við landamerki. Þarna er nú vélgraffinn skurður í austur-vestur.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 16

Sérheiti: Votiklettur

Hlutverk: Landamerki / Örnefni

Tegund: Náttúruminjar

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Votiklettur verður að ætla að sé í klettum þeim að vestanverðu í gili Víðimýrarár. Þar sem merkjalínan liggur fram af brúninni er dálítið skarð eða renna niður í gilið og seytlar þar aðeins vatn niður og litar skoruna.“ (R.I. 1997. Örnefnaskrá)

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 17

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Lega: 65° norður, 33,32, 19° vestur 28,4

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Fyrir vestan nýja íbúðarhúsið á Reykjahóli. Ofan á gömlu fjárhúsin hafa verið reist steinsteypt fjárhús, þau er nú hruninn, og liggja veggir þess á víð og dreif um fjárhúsasvæðið.

Heimildaskrá

Túnakort sem Guðmundar Sveinsson teiknaði í mars 1917.

Yfirlitskort yfir vesturhluta Reykjarhólslands



Númeraið minjastaðir eru: 1) heimild um bústað, 2) heimild um hjáleigu, 3) býli, 5) býli, 6) óþekkt tóft, 7) heimild um fjárhús, 8) óþekkt tóft, 9) heimild um fjárhús, 10) götur, 12) reiðvegur, 13) vegur, 17) heimild um fjárhús, 27) brunnur, 45) heimild um áveitu, 46) stríðsminjar –skotgröf, 47) stríðsminjar - skotgröf.

Reykjarhóll – 20. aldar minjar

R-146060 90 – 18

Sérheiti: Reykjarhólsgarður

Hlutverk: Ræktunarland

Hættumat: Á þessu svæði hefur nú verið byggt.

Staðhættir

Í dag er það landsvæði sem var innan girðingar Reykjarhólsgarða frá vestri til austurs ofan að brún Reykjarhólsins niður að vegi. Suðurhlíð girðingarinnar var því næst rétt við norðurvegg íþróttahússins og um gilið sem en sér merki til út og niður frá sundlauginni. Norðurhlíð garðsins var rétt norðan við borholu og tank hitaveitunnar og sér en merki til girðingarinnar uppi í hólnum þar fyrir ofan. Mörg íbúðarhús við Laugaveg og Norðurbrún eru því innan þess svæðis sem tilheyrði Reykjarhólsgarði.

Lýsing

Þessi reitur er á Túnakorti frá 1917.

Aðrar upplýsingar

Jarðhitinn austan í Reykjarhólnum varð til þess að menn bundust samtökum að koma þar á fót ræktun og stofnuðu með sér Garðyrkjufélag Seyluhrepps árið 1904 og fengu sama ár útmælda lóð til matjurtaræktunar, 8 vallardagsláttur að stærð og skyldi leigan gilda í 40 ár, en að þeim tíma liðnum ganga aftur til jarðeiganda. Upphaflega var áætlað að fá 12 dagsláttur lands og rækta þar kartöflur, allt að 1000 tunnu uppskeru, en reyndin varð 7 dagsláttur, 2,3 hektarar, tæpir 6.000 ferfaðmar samkvæmt mælingu Jóhann Sigurðssonar á Löngumýri.

Garðyrkjufélagið starfaði næstu árin með misjöfnum árangri í baráttu við arfa og ytri aðstæður. Árið 1916 eru aðeins 2,5 dagsláttur í ræktun. Vigfús Helgason í Varmahlíð hafði garðinn á leigu á árunum 1932-1939 og stundaði þar garðrækt. Fljótlega eftir það mun Reykjarhólsgarður hafa að mestu liðið undir lok sem ræktunarsvæði, að öðru leyti en því að þar fékk fólk frá ýmsum nágrannabæjum að setja niður kartöflur um alllangt skeið eða þangað til að byggð fór að rísa á svæðinu. Garðurinn flokkast ekki til fornleifa en er hér tíundaður vegna þess að hann er horfinn og vegna gildis hans fyrir sögu Varmahlíðar.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 434-435.

Túnakort frá mars 1917 Guðmundur Sveinsson.

R-146060 90 – 19

Sérheiti: Lokræsi

Hlutverk: Hitaveita

Tegund: Mannvirki

Hættumat: Vegna íbúðarbyggðar og skóræktar er ekki mikið eftir af þessum lokræsum. Flest þeirra eru horfin.

Staðhættir

Eitthvað af þessum ræsum eru enn finnanleg í skóginum fyrir ofan húsið að Norðurbrún 3.

Lýsing

Þar var lokræsi sem var alls 730 faðmar að lengd, sem tók 168 dagsverk að klára

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 435.

R-146060 90 – 20

Sérheiti: Bergskofi / Garðhúsið

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild / kofi

Lega: 65° norður, 33, 22, 19° vestur 26, 60

Horfin: Já. Bergskofi var byggður á grunni Garðhússins svokallaða sem byggt var upp sem geymsluskúr árið 1904. Hann er skráðar hér til að varðveita heimild um staðsetningu hans og hlutverk.

Staðhættir

Garðhúsið var á melunum sunnan við Reykjarhólsgarðinn. Í vestur frá húsinu Laugarvegi 9 er smá gildrag um 10-15 m langt stóð húsið.

Aðrar upplýsingar

Gamla Garðhúsið var kallað Bergskofi eftir Sigurbergi Ólafssyni sem bjó þar einbúi í nokkur ár á tímabilinu 1940 – 1950. Það var lengi notað sem geymsla fyrir verkfæri og kartöflur.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 424.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 21

Sérheiti: Reykjarhólsgarðar

Hlutverk: Geymsla

Tegund: Heimild / bygging

Lega: 65° norður, 33, 22, 19° vestur, 27, 4

Horfin: Já. Garðurinn var mældur út árið 1904 og geymslan byggð stuttu seinna.

Hér tíunduð til að staðsetningar.

Staðhættir

Reykjarhólsgarður var þar sem íþróttahúsið í Varmahlíð er í dag. Á melunum sunnan við garðinn var Garðhúsið (sjá nr. 5).

Lýsing

Árið 1916 er sagt þarna vera hús með kjallara byggt úr torfi og timbri notað til geymslu kartaflna og verkfæra.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 435.

Vettvangsathugun í september 2003.

**R-146060 90 – 22**

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Lega: 65° norður, 33, 22, 19° vestur 27, 14

Ástand: Slæmt

Hættumat: Hætta af framkvæmdum og trjárækt.

Staðhættir

Um 60 m ofan við og í vestur frá suðvestur horni á húsinu Sunnuhlíð, Norðurbrún 1, er lítið rjóður í skóginum. Brunnurinn er fullur af drasli en umgjörð hans er vel sýnileg í landslaginu.

Á myndinn er spýtu stungið niður þar sem brunnurinn var og er. Ljósm. KG.

Lýsing

Í kring um brunninn er hringlaga kantur er um 2,5 m í ummál, um 0,50 m breiður og hleðsluhæð um 0,30 m. Allt svæðið er á kafi í grasi.

Aðrar upplýsingar

Brunnurinn var kaldavermslbrunnur.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 23

Sérheiti: Kartöflukofinn

Hlutverk: Kofi

Tegund: Mannvirki

Aldur: 1950

Lega: 65° norður, 33, 24, 19° vestur, 27, 1

Lengd: 4 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt



Á myndinni sjást aðstæður og dyraumbúnaður kofans. Ljós. KG.

Staðhættir

Kofinn er um 60 m upp af húsinu Sunnuhvoli, Laugargötu 1, í smá rjóðri í skóginum.

Lýsing

Kofinn er byggður úr torfti og timbri, og hefur dyr í austur. Hann er nokkuð heillegur og vel manngengur.

Aðrar upplýsingar

Kofinn var byggður af Felixi Jósafatssyni (1903-1974), bónda og kennara í Sunnhlíð.

Heimildaskrá

Skagfirskar æviskrár, tímabilið 1910-1950 III, 1997. Akureyri. Bls. 60-64.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 24

Sérheiti: Fjárhús

Hlutverk: Útihús / stríðsminjar

Tegund: Heimild / bygging

Lega: 65° norður, 33, 19. 19° vestur 27, 25

Horfin: Já. Minjar þessar eru skráðar hér til að varðveita heimild um staðsetningu þeirra og hlutverk.

Staðhættir

Útihúsið var utan við íbúðar- og veitingahúsið. Þar sem nú er Hótel Varmahlíð.

Lýsing

Á árabílinu 1935-1939 byggði Vigfús Helgason fjárhús norðan við íbúðarhús sitt. Þetta voru tvö samstæð fjárhús utan við íbúðarhúsið byggð úr steini með timburstafni, yfir 80 kindur, ásamt hlöðu og 5 x 14 m niðurgrafinni ófrágenginni

steinbyggingu austan við fjárhúsin. Sú bygging átti að vera haughús, safnþró og súrheysgryfja. Þarna voru einnig kartöflugeymsla og hlaða að hálfu úr torfi og grjóti. Ekki er vitað fyrir vísit hvaða hlutverki sú bygging þjónaði áður en Vigfús byggði fjárhúsið en líkur eru á því að eldri hleðslurnar hafi verið leifar hestaréttar sem Ungmennafélagið Fram byggði upp árið 1912 um leið og sundlaugin – Reykjarhólslaug – var hlaðin.

Aðrar upplýsingar

Eftir að Bretar hernámu Ísland vorið 1940 komu þeir norður í Skagafjörð og höfðu aðalbækistöðvar sínar á Sauðárkróki en hluti herflokks þeirra tók sér bólfestu í Varmahlíð. Þeir lögðu undir sig íbúðar- og veitingahúsið, ásamt útihúsunum. Í fjárhúsum þessum útbjuggu Bretarnir kamra og steypiböð. Haughúsið var síðar notað sem tamningastöð fyrir hesta. Hesthúsin sjást á mynd frá Varmahlíð sem var tekin 1944 (sjá K.B. Bls 160).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur.

Akureyri. Bls. 420.

Kristmundur Bjarnason, 1989. Sýslunefndarsaga Skagafjarðar. Síðari hluti.

Akureyri. Bls. 160-161.

R-146060 90 – 25

Sérheiti: Stríðsminjar

Hlutverk: Braggi

Tegund: Heimild / bygging

Lega: 65° norður, 33, 22. 19° vestur 27, 3

Horfin: Já. Minjar þessar eru skráðar hér til að varðveita heimild um staðsetningu þeirra og hlutverk.

Staðhættir

Braggar þessir stóðu þar sem húsið Sjónarhóll stendur.

Aðrar upplýsingar

Bretar byggðu tvo bragga haustið 1940 og leiddu í þá heitt vatn til upphitunar.

Braggarnir voru rifnir og seldir er húsið Sjónarhóll var byggt árið 1956.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 421, 426.

R-146060 90 - 26

Sérheiti: Stríðsminjar

Hlutverk: Skotgröf

Tegund: Heimild / niðurgröftur

Lega: 65° norður, 33, 51. 19° vestur 27, 15

Horfin: Já. Minjar þessar eru skráðar hér til að varðveita heimild um staðsetningu þeirra og hlutverk.

Staðhættir

Skotgrafirnar voru beggja megin þjóðvegur sem liggur til norðurs frá Varmahlíð með mið á Löngumýri í norðaustur.

Lýsing

Ekkert sést af skotgröfunum í dag.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 421.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 - 27

Sérheiti: Vatnsþró

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Mannvirki

Lega: 65° norður, 33, 16, 19° vestur 27, 31

Þvermál: 0,20 m

Hleðsluhæð: 1,30 m

Lengd: 3,50 m

Breidd: 3,50 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta. Hér er ekki um fornleif að ræða.



Vatnsþrónni hefur nú verið breytt í grillaðstöðu fyrir ferðalanga um skóginn. Þar ofan í er fast grill. Ljósm. KG.

Staðhættir

Þegar gengið er eftir stíg að smáhúsum sem tilheyra plöntusölu, er steinsteyppt þró sem Sigurður skógarvörður lét gera um 1970 til að dæla í vatni úr brunninum til vökvunar.

Lýsing

Þróin er hringlaga, steinsteyppt.

Aðrar upplýsingar

Þróin hefur verið notuð sem grillaðstaða í nokkur ár.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 429.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 28

Sérheiti: Þvottahús

Hlutverk: Þvottahús

Tegund: Heimild/bygging

Aldur: 1921

Lega: 65° norður, 33, 3, 19° vestur 27, 11

Hættumat: Mikið jarðrask hefur orðið vegna framkvæmda. Þvottahúsið er horfið.

Staðhættir

Húsið stóð á mörkum Reykjarhólsgarðs og Reykjarhólslands neðan undir klöppunum þar sem heita vatnið flæddi niður fáeinum metrum utan við borholuna sem nú er virkjuð fyrir hitaveituna. (Sjá mynd bls. 395 í bókinni *Úr torfbæjum inn í tækniöld*, 3. bindi. Bls. 2003)

Lýsing

Húsið var lítið steinsteyppt og opið í mæninn svo að gufukófið inni yrði minna. Afrennsli þvottahversins var hleypt í gegnum húsið. Inni voru tvö steyppt þvottaker og bekkir til hliðina. Að öðru leyti sáu notendur sér fyrir þvottaáhöldum.

Aðrar upplýsingar

Þvottahúsið var byggt á vegum Seyluhrepps en bygging þess fjármögnuð a.m.k. að hluta með framlögum frá hreppsþúum. Smiður var Pétur Sigurðsson.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 434.

Úr torfbæjum inn í tækniöld. 3. bindi. Reykjavík 2003.

R-146060 90 - 29

Sérheiti: Þvottahús

Hlutverk: Þvottahús

Tegund: Hús

Aldur: 1951

Lega: 65° norður, 33, 33, 19° vestur, 27, 1

Staðhættir

Nýja þvottahúsið var byggt rétt vestan þjóðvegarins. Það er nú hluti húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Varmahlíð.

Lýsing

Þvottahúsið var byggt á tveimur hæðum. Niðri var hesthús, einnig notað sem hundahreinsunarkofi, en á efri hæð var leitt inn í pípum heitt vatn úr Þvottahvernum. Rann vatnið í steipt ker, en húsið var þaklaust að hluta eins og hið eldra. Síðar hefur verið byggt við húsið.

Aðrar upplýsingar

Þvottahúsið var notað af íbúum hreppsins þar til aðstæður breyttust til þvotta á heimilum. Laugarhúsið er nú með nýlegri viðbyggingu komið í eigu Flugbjörgunarsveitarinnar í Varmahlíð.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 434.

R-146060 90 – 30

Sérheiti: Litlagrund

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild um tún

Hættumat: Túnið er horfið.

Lega: 65° norður, 33, 22, 19° vestur 27, 31

Staðhættir

Litlagrund var þar sem nú er Laugavegur.

Aðrar upplýsingar

Þarna var valllendi og alltaf heyjað.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.
Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 31

Sérheiti: Smáragrund

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild um tún

Hættumat: Túnið er horfið.

Lega: 65° norður, 33, 27, 19° vestur 27, 9

Staðhættir

Smáragrund var þar sem nú stendur húsið Friðvangur, Norðurbrún 7.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.
Vettvangsathugun 28.08.2003.

R-146060 90 - 32

Hlutverk: Garður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Vestan við húsinn Norðurbrún 1 (Sunnuhlíð) og Norðurbrún 3 (Útgarð) sem standa þar sem neðst var í Reykjarhólsgarðinum, voru rabbabara- og kartöflugarðar. Leifar af girðingar-undirhleðslu sjást ofan við kartöflugarðsstæðið fyrrverandi.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Reykjarhóll, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 33

Sérheiti: Vindrafstöð

Hlutverk: Vindrafstöð

Tegund: Heimild / mannvirki

Lega: 65° norður, 33, 2, 19° vestur, 27, 25

Ástand: Horfin. Vindrafstöðin er talin hér vegna gildis hennar fyrir sögu Varmahlíðar.

Staðhættir

Rafstöðin var á miðri götu Laugarvegjar, rétt norðan við Hótel Varmahlíð.

Lýsing

Vindrafstöðin var byggð um 1940. Var hún á mjög háum turni og ein af fáum slíkum í Skagafirði. Flestar vindrafstöðvar voru á lágum turnum.

Aðrar upplýsingar

Vindmyllan sést á mynd sem tekin var í Varmahlíð 1944 (sjá t.d. K.B. 1998. Bls. 560 og Byggðasaga II, bls. 424).

HeimildaskráKristmundur Bjarnason, 1989. *Sýslunefndarsaga*, síðari hluti, bls. 160.Kristmundur Bjarnason, 1998. *Skafirzukur annáll 1847-1947 II*, bls. 560.*Byggðasaga Skagfirðinga II*. Bls. 424.

Rósmundur G. Ingvarsson 1999. Örnefnaskrá fyrir Varmahlíð.

R-146060 90 - 34

Sérheiti: Heitavatnspró

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Mannvirki

Lega: 65°, 33, 29, 19° vestur, 27, 15



Þvermál: 0,20 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 3 m

Breidd: 1 m

Staðhættir

Nyrsta og fyrsta þróin af fjórum er í brekkunni fyrir ofan húsinn Norðurbrún 9-11, og er það nyrsta þróin.

Lýsing

Þróin er steinsteypt. Á myndinni er horft til vesturs.

Horft að nyrstu vatnsþróinni. Ljósmynd. KG.

Aðrar upplýsingar

Áður en Hitaveita Seyluhrepps kom til sögu virkjaði hver húsbyggjandi sína uppsprettu og var þá steipt þró við hverja einstaka og vatnið leitt úr þeim í pípum í húsinn. Steyptu þrænar flokkast ekki sem fornleifar en eru tíundaðar hér til staðsetningar og vegna gildis þeirra fyrir sögu Varmahlíðar.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1999. Örnefnaskrá fyrir Varmahlíð.
Vettvangsathugun 28.08.2003.



Á myndinni er horft til suð-austurs yfir þróttahús og skóla. Rósmundur Ingvarsson leiðsögumaður skrásetja er við þróna. Ljós. KG.

R-146060 90 - 35

Sérheiti: Heitavatnsþró

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Mannvirki

Lega: 65° norður, 33, 28,

19° vestur, 27, 18

Þvermál: 0,20 m

Hleðsluhæð: 1,10 m

Lengd: 2 m

Breidd: 2 m

Staðhættir

Önnur þróin er í brekkunni ofan við Norðurbrún 7.

Lýsing

Steinsteipt ferköntuð þró.

Aðrar upplýsingar

Áður en Hitaveita Seyluhrepps (upp úr 1970) kom til sögu virkjaði hver húsbyggjandi sína uppsprettu og var þá steipt þró við hverja einstaka og vatnið leitt úr þeim í pípum í húsinn. Steyptu þrænar flokkast ekki sem fornleifar en eru tíundaðar hér til staðsetningar og vegna gildis þeirra fyrir sögu Varmahlíðar.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1999. Örnefnaskrá fyrir Varmahlíð.
Vettvangsathugun í september 2003.



Á myndinni er horft til suðurs yfir þriðju vatnsþróna. Ljós. KG.

R-146060 90 - 36

Sérheiti: Heitavatnsþró

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Mannvirki

Lega: 65° norður, 33, 27, 19° vestur, 27, 18

Þvermál: 0,20 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 1,50 m

Breidd: 1,50 m

Staðhættir

Þriðja þróin er upp af suðurhorni á húsi nr. 7 við Norðurbrún.

Lýsing

Þróin er steinsteipt vesturhlið þróarinnar er klettaveggur.

Aðrar upplýsingar

Áður en Hitaveita Seyluhrepps (upp úr

1970) kom til sögu virkjaði hver

húsbyggjandi sína uppsprettu og var þá steipt þró við hverja einstaka og vatnið leitt úr þeim í pípum í húsin. Steyptu þrænar flokkast ekki sem fornleifar en eru tíundaðar hér til staðsetningar og vegna gildis þeirra fyrir sögu Varmahlíðar.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 423.
Vettvangsathugun í september 2003.



Á myndinni er horft til suðurs yfir fjórðu þróna.
Ljósm. KG.

R-146060 90 - 37

Sérheiti: Heitavatnsþró

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Mannvirki

Lega: 65°, 33, 26, 19° vestur 27, 19

Þvermál: 0,20 m

Hleðsluhæð: 1,20 m

Lengd: 2 m

Breidd: 1 m

Staðhættir

Fjórða þróin er í brekkunni upp af húsunum Norðurbrún 3 og 5.

Lýsing

Þróinn er steinsteipt. Nú hefur verið komið fyrir röri í þrónni sem er notað fyrir jólatré. Á myndinni er horft til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Áður en Hitaveita Seyluhrepps (upp úr 1970) kom til sögu virkjaði hver húsbyggjandi sína uppsprettu og var þá

steipt þró við hverja einstaka og vatnið leitt úr þeim í pípum í húsin. Steyptu þrænar flokkast ekki sem fornleifar en eru tíundaðar hér til staðsetningar og vegna gildis þeirra fyrir sögu Varmahlíðar.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1999. Örnefnaskrá fyrir Varmahlíð.
Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 38

Sérheiti: 5 Heitavatnsþró

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Mannvirki

Lega: 65° norður, 33, 25, 19° vestur 27, 21

Þvermál: 0,20 m

Hæð: 1 m

Lengd: 2 m

Breidd: 1 m

Staðhættir

Þróinn er í brekkunni upp af húsinu Norðurbrún 5.

Lýsing

Þróinn er steinsteipt. Suðurhlið hennar er brotin. Hún er að mestu niðurgraffinn og á kafi í grasi.

Aðrar upplýsingar

Áður en Hitaveita Seyluhrepps (upp úr 1970) kom til sögu virkjaði hver húsbyggjandi sína uppsprettu og var þá steipt þró við hverja einstaka og vatnið

leitt úr þeim í pípum í húsin. Steyptu þrænar flokkast ekki sem fornleifar en eru tíundaðar hér til staðsetningar og vegna gildis þeirra fyrir sögu Varmahlíðar.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1999. Örnefnaskrá fyrir Varmahlíð.

Vettvangsathugun í september 2003.



Á myndinni er horft til norðurs. Stíflan var á milli hestanna við skurðendann og við úrbakkann. Skurðurinn liggur að stíflusvæðinu. Ljósm.KG.

R-146060 90 - 39

Hlutverk: Stífla

Tegund: Garðlag

Lega: 65° norður, 33, 41, 19° vestur 27, 12

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á þessu svæði

Staðhættir

Niður undan húsi

Flugbjörgunarsveitarinnar í Varmahlíð, í túninu neðan vegar, neðst í læknum niður á Kvíslarbakka var stíflugarður um 1 -1,5 m hár.

Lýsing

Þarna er þríhyrnd lægð í landið sem tilheyrði þessari áveitu. Þar sem vatninu safnað.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II.

Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 433.

Vettvangsathugun í september 2003.



Myndin er af handgröfnum skurði á Kvíslarbakkanum. Horft til norðurs. Ljósm. KG.

R-146060 90 - 40

Hlutverk: Skurður

Tegund: Mannvirki

Lega: 65° norður, 33, 38 (-655606), 19° vestur 27, 15 (-194542)

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 50 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á þessu svæði.

Staðhættir

Neðst í læknum niður á Kvíslarbakka var stíflugarður. Nokkurn veginn beint niður af húsi Flugbjörgunarsveitarinnar í túninu neðan vegar. Nokkru ofan við garðinn var handgrafinn skurður suður í Dokkir.

Lýsing

Skurðurinn liggur norður-suður í smá beygjum eftir túninu.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 433.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 - 41

Sérheiti: Reykjarhólslaug

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Heimild / torfhleðsla

Lega: 65° norður 33, 26. 19° vestur 27, 23

Horfin: Já. Sundlaugarleifarnar teljast ekki til fornleifa, en þær voru sannarlega hluti af „þroskasögu“ Varmahlíðar.

Staðhættir

Sundlaugin er austan við Reykjarhól. Engar leifar eru af lauginni og verður hún því ekki staðsett nákvæmlega, en hún var 60-80 metrum neðan við núverandi þjóðveg skammt sunnan við vegslóðina suður á engjarnar, suður og niður frá húsi flugbjörgunarsveitarinnar, áður Laugarhúsinu.

Aðrar upplýsingar

Sumarið 1912 fékk Ungmennafélagið Fram leigða landspildu austan við Reykjarhól undir laugarstæði. Garðyrkjufélag Seyluhrepps hafði þá á leigu allan jarðhitann í Reykjarhóli og gerði samning við Ungmennafélagið Fram um leigu á a.m.k. 300 ferfaðma spildu á fitjunum neðan við Reykjarhólsgarða. Var hlaðin þar upp torflaug sumarið eftir 1913 og talið að til hennar hefðu farið um 100 dagsverk en mikill hluti verksins var unninn í sjálfbodavinnu. Heitu vatni var veitt í laugina úr Laugarlæknum ofan úr Reykjarhólsgarði. Kennsla hófst samsumars og var fyrsti kennarinn Stefán Vagnsson á Hjaltastöðum. Laugargarðurinn sprakk stuttu eftir að kennslan hófst. Svo vildi til að Jón Þorláksson landsverkfræðingur var staddur á Víðimýri og gaf hann góð ráð um endurbyggingu garðsins og að grafa þyrfti undirstöður fyrir veggina. Svo var gert og var veggurinn hlaðinn að nýju eftir fyrirsög Jóns og dugði vel. Fór kennsla fram um sumarið. Var kennt í Reykjarhólslaug flest sumur til 1928, að hún lauk formlega hlutverki sínu. Eitthvað var þó kennt þar sumarið 1929.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 435.



Horft yfir Kvislarbakka neðan við Varmahlíð, til suðurs. Minjastaðirnir eru: 29) Þvottahús, 39) Stífla, 40) Skurður, 41) Sundlaug. Ljósm. HP.

R-146060 90 – 42

Sérheiti: Skurðsvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Vegur

Lega: 65° norður, 34, 13. 19° vestur, 27, 34

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Skurðsvað var á landamerkjum milli Reykjarhóls og Grófargils.

Lýsing

Vaðið er niður af landamerkjagirðingu sem liggur á landamerkjum Reykjarhóls og Grófargils.

Aðrar upplýsingar

Þetta vað var mest notað frá Krossanesi.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 43

Sérheiti: Affallavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Vegur

Lega: 65° norður, 33, 6. 19° vestur, 25, 5

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Affallavað var rétt norðan við fyrri Kvíslarbrúna, þar sem stöplar standa enn, og dró nafn sitt af svonefndum Affalla, kvísl sem liggur að ánni austan frá.

Aðrar upplýsingar

Þetta vað var mest notað er vegagerðarmenn brúuðu Húseyjarkvísl.

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 - 44

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Lega: 65° norður, 33, 72. 19° vestur, 27, 3

Þvermál: 0,40 m

Hleðsluhæð: 0,40 m

Lengd: 50 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Helst hætta af jarðraski eða verklegum framkvæmdum.

Staðhættir

Garður eða undirhleðsla þessi er á norðari skurðbakkanum á Kvíslinni.

Lýsing

Garðurinn er um 50 m langur og liggur austur - vestur.

Aðrar upplýsingar

Austasta GPS - hnitíð Lega: 65° norður 33, 736 , 19° vestur 26942. 65° norður, 33,728, 19° vestur 26, 995. Vestasta hnitíð er: 65° norður 33, 724, 19° vestur 27031

Heimildaskrá

Rósmundur G. Ingvarsson 1997. Örnefnaskrá, Skagafirði.

Vettvangsathugun í september 2003.

R-146060 90 – 45

Sérheiti: Skurður.

Hlutverk: Áveita

Lega: 65°norður 33,264, 19°vestur 28,062

Hættumat: Skurðurinn mun hverfa undir Víðimýrarveg.

Staðhættir

Skurðurinn liggur frá Reykjarhólsbænum í suð-vestur um 150 m að Víðimýrará.

Lýsing

Skurðurinn er handgrafinn og liggur í norður – suður. Endar skurðarins liggja til vesturs. Skurðurinn er um 350 m langur og um 1 m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Skurðurinn var handgrafinn í tíð Guðmundar Guðmundssonar sem bjó á Reykjarhóli 1914-1935.

Heimild

Handrit frá Hjalta Pálssyni ritara Byggðasögu Skagfirðinga frá 19. júní 2001.

Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:3000, frá 1991.

R-146060 90 – 46

Sérheiti: Stríðsminjar.

Hlutverk: Skotgröf / byrgi

Byggingarár: 1940.

Lega: 65°norður 32,876, 19°vestur 27,219

Hættumat: Er um 90 m frá suðurmörkum fyrirhugaðs smáhýsasvæðis og ekki í beinni hættu.

Staðhættir

Syðst á Torfholti, um 2 m í norður frá gamla þjóðveginum sem liggur austur-vestur.

Lýsing

Skotgröfin hefur verið grafin í malarhól og er um 3 x 4 m, veggjahæð um allt að 0.8 m

Heimild

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.

R-146060 90 – 47

Sérheiti: Stríðsminjar.

Hlutverk: Skotgröf / byrgi

Byggingarár: Í kringum 1940.

Lega: 65°norður 32,837, °19°vestur 27,175

Hættumat: Stríðsminjarnar eru um 50 m frá suðurmörkum fyrirhugaðs smáhýsasvæðis og ekki í beinni hættu nema mjög óvarlega sé farið.

Staðhættir

Syðst á Torfholti, um 30 m í norður frá gamla þjóðveginum sem liggur austur-vestur.

Lýsing

Skotgröfin hefur verið grafin í malarhól. Hún er um 5 x 7 m í ummál, og veggjahæð allt að 0,8 m.

Heimild

Örnefnaskrá og viðtal og leiðsögn Rósmundur Ingvarsson í mars 2002.

Yfirlitskort yfir austurhluta Reykjahóls



Minjastaðir eftir númerum: 1) Bústaður, 2) hjáleiga, 3) heimild um býli, 4) heimild um þvottaból, 11) landamerki, 14) vað, 15) heimild um veg, 18) heimild um ræktun, 19) hitaveita, 20) heimild um bústað, 21) geymsla, 22) brunnur, 24) stríðsminjar-útihús, 25) heimild um bragga, 28) heimild um þvottahús, 29) þvottahús, 32) garður, 41) heimild um sundlaug, 43) vað.

II Hof í Brekkulandi

Saga

Hof við Varmahlíð var aldrei lögbýli, en um skeið var það smábýli með lítilsháttar búskap. Það var reist á lítilli spildu úr Brekkuparti sunnan og neðan við Varmahlíð. Upphaflega var til þess stofnað er Bogi Brynjólfsson f.v. sýslumaður Húnavetninga leigði landið til 99 ára af Valdimari Guðmundssyni svila sínum í Vallanesi.²⁸ Bogi og kona hans Sigurlaug Jóhannsdóttir dvöldu þarna á sumrin á árunum 1938-1942. Sjá loftmynd bls. 419 í Byggðasögu Skagafjarðar II af landi Hofs, tekinn í október 2001.

B-146018 88 - 1

Sérheiti: Hof

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild / bygging

Lega: 65° norður, 33, 8, 19° vestur 26, 4

Horfin: Já, en tekið hér með til að staðsetja það og vegna gildis þess fyrir sögu Varmahlíðar.

Hættumat: Ef hróflað verður við þjónustuhúsinu við tjaldstæðin þarf að fara að öllu með gát.

Staðhættir

Á bæjarstæðinu stendur nú þjónustuhús fyrir tjaldstæðin að Hofi.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur.

Bls. 419. Akureyri.

B-146018 88 - 2

Sérheiti: Hof

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: 65° norður, 33, 4, 19° vestur 26, 45

Þvermál: 1 m


Hleðsluhæð: 0,5 m

Lengd: 9 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt. Það er hér tekið með til að staðsetja það og vegna gildis þess fyrir sögu Varmahlíðar.

Hættumat: Hætta af jarðraski, verklegum framkvæmdum og skórækt.



Staðhættir

Þar sem nú er þjónustuhús sumarhúsabyggðar neðan Varmahlíðar, þar sem áður stóð bærinn Hof, upp frá þjónustuhúsinu í suður, efst í túninu, eru tóftir fjárhúsanna.

Lýsing

Fjárhústóftin er mjög grasivaxin hún er tveggja króa, með garða í miðju,

Aðrar upplýsingar

Á bls. 419 í Byggðasögu

²⁸ Kristmundur Bjarnason 1989. Bls. 207.

Skagafjarðar II er loftmynd af landi Hofs, tekinn í október 2001.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 419.

B-146018 88 - 3

Sérheiti: Hof

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tófabrot

Lega: 65° norður 33, 4 (-655511), 19° vestur 26, 45 (-194458)

Þvermál: 0,40 m

Hleðsluhæð: 0,40 m

Lengd: 6-7 m

Breidd: 1-2

Ástand: Slæmt. Það er tekið hér með til að staðsetja það og vegna gildis þess fyrir sögu Varmahlíðar.

Horfin: Að hluta

Hættumat: Hætta gæti stafað af jarðraski, verklegum framkvæmdum og skógrækt.

Staðhættir

Tóftabrotið er á tjaldstæði við Hof um 10 m í suður frá tóft annarra fjárhúsa, sem eru efst og syðst í túninu.

Lýsing

Sjáanlegur er fremur ógreinilegur veggur sem liggur austur - vestur og vesturendi veggjarins slær sér aðeins til norðurs. Þarna er allt vafið grasi og þústir ógreinilegar.

Aðrar upplýsingar

Á bls. 419 í Byggðasögu Skagafjarðar II er loftmynd af landi Hofs, tekinn í október 2001 þar sem tóftirnar á Hofi sjást greinilega..

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 419.

III Reykjarhólssel í Brekkulandi

B 146018 88 - 4


Sérheiti: Reykjarhólssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóftaþyrping

Lega: 65° norður, 45, 11, 19° vestur, 32, 9

Hættumat: Helst hætta vegna áfoks



Staðhættir

Í Gegnisdal í Brekkulandi eru fjórar glöggar tóftir ofarlega í dalnum og kallast Brekkusel. Á dálitlum hól sem rís upp vestan við Gegnislækinn eru rústir selkofa í 225 m hæð og 10 m langar kvíar í laut u.þ.b. 15 m utar og ofar. Engar sagnir eru um nýttjar á þessu seli.

Lýsing

Á selinu eru 4 tóftir. Syðsta tóftin 7 x 9 m og er tvískipt, og eru sýnilegar dyr suð-austur í stærri hlutanum sem er 7 x 5 m, minni hlutinn er við suð-vestur vegg og er 4 x 4 m. Lítil tóft, kofi, er í norð-austur sem er 2 x 2 m með dyr í suður, frá þessari tóft er þriðja tóftin í vestur hún er 9 x 4 m ekki eru dyr sýnilegar í tóftina, frá þessari tóft í norð-vestur er fjórða tóftin sem er 10 x 5 m með dyr í suður.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar II. Staðarhreppur, Seyluhreppur. Bls. 435.

Teikning Hjalta Pálsson (kt. 250647-4419), dags. 07.06.1998.

Niðurstöður

Margar minjanna í Varmahlíð og á Reykjarhóli eru alveg horfnar og ekkert eftir sem minnir á þær. Fyrst er að telja þvottalaug sem getið er um í sögu Jóns biskups frá því um 1200. Ómögulegt er að segja hvar sú laug var nákvæmlega, en sennilegast er að hún hafi verið á svæðinu þar sem nú er dælustöðvarhús og fleiri mannvirki vegna heitavatnsborholu.

Á sömu slóðum var reist þvottahús árið 1921 á vegum Seyluhrepps það er alveg horfið. Þarna þarf að fara varlega við framkvæmdir ef hreyfa þarf jörð, því enn geta leynst hleðslur og fleiri verksummerki í jörðu eftir mörghundruð ára mannaferðir.

Laugargata var sú leið sem farin var yfir Reykjarhólinn til austurs-vesturs að þvottahúsinu/þvottalauginni. Hún sést fyrir ofan húsið Norðurbrún 11 og er enn mjög greinileg upp undir brún Reykjarhólsins. Þessi gamla leið þvottakvenna og annarra sem gengu til Þófara- þvottakversins á í vök að verjast vegna trjágróðurs. Æskilegt væri að merkja hana vel og bera í hana kurl eða annað sem héldi henni hreinni.

Taka þarf tillit til bæjarstæðis gamla bæjarins á Reykjarhóli og fara mjög varlega í kring um hann.

Tóft og túngarður húsmannsbýlisins Laugarbrekku, sem getið er í heimildum frá 1840, er eins og nú er háttað mest hætta búin af sjálfsánum trjágróðri og ágangi af mannavöldum þar sem það er á miðju útvistarsvæði þar sem stendur nú minnisvarði um Sigurðs Jónasson skógarvörð.

Tóftarbrot býlisins Barðs sem fyrst er getið í heimildum frá 1862 er mest hætta búin vegna sjálfssáins trjágróðurs eins og er.

Á Brún, sem var húsmannsbýli, var búið um skamma hríð á árunum 1861-1864. Seinna voru byggð þar upp beitarhús, svonefnd Brúnarhús. Tóftir Brúnarhúsa sjást enn. Gróðursett hafa verið tré umhverfis tóftirnar í um 20 m fjarlægð út frá tóftunum og þær eru því ekki í hættu vegna trjáræktar, nema sjálfssáinna planta.

Gamli reiðvegurinn sem er troðningur, en ekki upphlaðinn vegur er víða horfinn því það hefur verið sléttað úr honum. Leifar hans eru samt í eðli sínu merkileg heimild um aflagða alfaraleið um héraðið. Vegurinn liggur í gegnum byggingarreiti nr. 20, 18 og 16 við nefndan Reykjarveg og æskilegt er að hlífa honum. Hann mun um síðir hverfa í sinu og gróður, en leyfi Fornleifaverndar ríkisins þarf til að raska við honum.

Af 20. aldar minjum má nefna Reykjarhólslaugina sem var hlaðin úr torfi árið 1913, sem var neðan þjóðvegur niður af núverandi húsi Flugbjörgunarsveitarinnar í Varmahlíð, Vindrafstöð sem var byggð á hlaðinu í Varmahlíð um 1940 og gróðurstöðum í Gamla Lundi, eru allar horfnar en segja sína sögu um nýtingu náttúruaflanna.

Það hafa síðan verið nokkrar byggingar og tún í kringum Hótel Varmahlíð sem hafa alveg horfið, Bergskofi var vestur af húsinu Laugarvegi 9, er alveg horfinn. Túnið Litlagrund var þar sem nú er Laugarvegur og túnið Smáragrund. Þar sem nú er Norðurbrún 7 (Friðvangur).

Reykjarhólsgarður sem stofnað var til árið 1904 er nú horfinn undir byggingar og trjágróður. Sömuleiðis mestur hluti 730 faðma langra lokræsa sem lögð voru um Reykjarhólsgarð. Eitthvað af þeim er þó enn hægt að finna í skóginum fyrir ofan húsið Norðurbrún 3.

Handgrafinn skurður í túninu suður af gamla bænum á Reykjarhóli hverfur undir veg. Skurður þessi er grafinn einhvern tíma á árunum 1914- 1935 og telst því ekki til fornminja, en er góð heimild um 20. aldar þjóðhætti, fyrir vélvæðingu. Reykjarhólssel er ekki í alfaraleið og ekki í hættu nema vegna áfoks og /eða verklegra framkvæmda.

Stríðsminjar sem tilheyrðu veru herliðsins í Varmahlíð eru flestar horfnar. Þó á enn sjá leifar skotgrafa syðst á Torfholtinu (sjá nr. 42 og 43).

Býlið Hof sem var stofnað 1938 er nú horfið undir þjónustubyggingu tjaldstæðis, en tóftir fjárhúsa syðst og efst í túni / tjaldstæði upp af þjónustumiðstöðinni eru enn greinilegar. Það ætti að taka tillit til þeirra við skipulag framkvæmda eða trjáræktar.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir:

Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarhreppur- Seyluhreppur. Ak. 2001.

Byskupa sögur II.

Íslenskt fornbréfasafn. Diplomatarium Islandicum IV.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi.* Kh. 1847.

Jarða og búendatal Skagafjarðarsýslu 1781-1958.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh.

Kristmundur Bjarnason, 1989. *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga.* Síðara bindi. Ak.

Sturlunga saga I, Íslendingasaga. Rv.1946.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II

Skagafjarðarsýsla. Safn til landfræðisögu Íslands. 1954. Ak.

Sýslunefndarsaga Skagfirðinga II, Kristmundur Bjarnason 1989.

Úr torfbæjum inn í tækniöld 3. bindi, 2003. Rv.

Óprentaðar heimildir:

Loftmynd frá Landmælingum ríkisins í kvarðanum 1: 3000, frá 1991.

Túnakort, Guðmundur Sveinsson 1917.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Örnefnaskrá fyrir Reykjarhól eftir Rósmund G. Ingvarsson 1997

Örnefnaskrá fyrir Varmahlíð eftir Rósmund G. Ingvarsson 2003.

Viðtöl:

Marta Svavarsdóttir Víðidal, í nóvember 2003.

Rósmundur Ingvarsson Varmahlíð, í mars 2002.

Sigurlaug Markúsdóttir Reykjarhóli, í mars 2002